

Fundur 29.12.2025 dr. Helgi Pjeturss

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

*Já góða kvöldið.*

Tala ég hér úr mikilli stjörnusambandsstöð og ævinlega ánægjulegt að komast í sambandið og mikil tímamót á þessum tíma eins og stundum áður og vel til fundið og eru hér margir gamlir félagar saman komnir og höfum við ýmsar fyrirætlanir fyrir félagið og Haukur biður að heilsa, ætlaði hann hér að tala í kvöld, reynir að koma sem fyrst.

*Takk fyrir það kærlega. Við biðjum að heilsa honum.*

Já takk fyrir. Er hér mikil orkan og eru hér margir sem bíða eftir að komast í sambandið, hvetjum við ykkur til að halda vel áfram á nýju ári og hafa marga fundi eins og miðill og aðrir treysta sér til, og mun það vonandi verða til þess að sem flestir komist í gegn og lækningarorkan og samböndin verði sem best og munum einnig stefna að því að virkja aðra miðla eins og þeir treysta sér til að opna sig fyrir sambandinu.

*Já vonandi gengur það upp.*

Það voru mér mikil fagnaðarefni þegar félagið var stofnað og voru miklar vonir bundnar við það og hefur árangurinn að vísu orðið vonum framar og hefur það svo sannarlega gengið eftir að íslenska þjóðin er útvalin til að gegna þessu mikilvæga hlutverki og hefur hún þó aldrei fengið að njóta sín að fullu í samstillingu fjöldans í þessu mikilvæga málefni og biður það framtíðarinar að rætast.

En það hefur vissulega rætst að innan félagsins hafa komið fram vísindalegri sambönd en áður meðal spíritista og vísir að líkamningum, betri en þeim sem gerðust meðal þeirra, og á það þó allt eftir að koma betur í ljós í framtíðinni ef hin rétta stefna sigrar eins og þarf að gerast og þurfa allir að vera fullir bjartsýni um það.

Er ég þakklátur öllum þeim sem haldið hafa starfinu áfram og miðlunum, en finnst mér það furðulegt að sumum miðlum hefur gengið betur í framlífi hjá okkur og eru því sambands möguleikarnir betri hjá okkur.

En er það margt tíðinda að fréttu af okkar jörð og kem ég því ekki öllu að, að sinni, en vonandi stefnir það allt til betri vegar.

Er hér stöðug áreitni og viðleitni helstefnu aflanna til að trufla starf okkar og var andstaðan mikil við þessar tvær stöðvar hinna kristnu og all nokkur víður stuðningur almennings en kemur það inn í stjórnmálin og of flókið mál að fara út í að sinni, en vil ég minnst á allar þær jákvæðu framfarir sem orðið hafa í vísindum hjá okkur og hjá ykkur sumuleiðis.

Vil ég þó einnig koma inn á jarðfræðina og höfum fundið fyrir því að jarðhræringum er ekki lokið að fullu hjá ykkur og eru það nokkuð jafnar líkur á að eitthvað haldi áfram á sama stað á Reykjanesinu og framhaldi á öðrum stað.

En miklar hótanir Jahve um jarðskjálfta og slíkt, en teljum það ekki trúlegt þar sem vörn er sterk og sömuleiðis vörn gegn eldgosum nálægt byggðum að sinni, en eru það ýmis tíðindi utan úr heimi sem benda til þess að átakalínur skerpist milli helstefnu og lífstefnu á nýju ári og hef ég nokkuð um það ritað í framlífi, og finnst mér það bagalegt að fram hafi ekki komið margir Nýalssinnar sem voru lifandi meðal ykkar, voru mér samstíga og nálgðust þær hugmyndir.

Biður hann kærlega að heilsa, ættingjum sínum, sá sem ég er að tala um, Þorsteinn frá Úlfsstöðum, nálgðist hann mjög kenningar mínar í framlífi og var kominn á framfara brautina og þarf, vildi ég gjarnan hér í kvöld segja frá þeim niðurstöðum, hef ég ekki aðeins skrifað um áframhaldandi tengsl vísinda uppgötvana, heldur einnig.

Nei það er truflun hér í kvöld.

Mikilvægt að félagið haldi áfram að starfa og mikilvægt að því gangi sem best og eru hér fjölmargir einstaklingar úr þjóðfélaginu íslenska sem hafa tekið við sér að fullu og veitt starfi okkar viðurkenningu í framlífi og næstum allir sem viðurkenna hinar Nýölsku undirstöður.

Og eru það ekki nema kristlegir ofsatrúarmenn sem halda fast í sínar firrur og halda sig fjarri og afneita þeim veruleika sem ég uppgötvaði á jörðinni.

Og er það mikið framfara spor og þurfum við þess í stað að kljást við helstefnuna, hvernig henni er beitt gegn ykkur og.

dr. Helgi Pjeturss talar við ykkur á þessum tímamótum, þakka ég fyrir.

*Já sæll vertu.*

Finn ég fyrir truflun á sambandinu, en mikilvægt að halda áfram, fagna ég mjög þessum tímamótum og eru hér margir sem hugsa hlýtt til ykkar og sterkt, ættingjar og vinir.

Og við viljum koma inn á það hér í kvöld, að við þurfum að fjalla betur um helstefnu öflin, hvernig þeim hefur orðið ágengt, og eins og kom fram hér í máli þess fyrsta sem talaði.

*Alvinna ?*

Já úr öðru sólhverfi, orkumynstrið meira og annað, þá er mikið reynt til að gera, til að bæta og hjálpa og vonum að það gangi, ég þakka fyrir fundinn og teljum að þið eigið að nota þessi tímaskeið oftár á milli jóla og nýárs, það eru önnur og betri áhrif, en einnig eftir áramótin.

Hér er mikil truflun, get ekki komið, vildi fjalla hér um jarðfræðina örlítið meira, næ því ekki að sinni.

Stefnum að fundi eins fljótt og hægt er, hleypi þá öðrum að, verið þið sæl og þakka ég fyrir.

*Við þökkum þér fyrir komuna, vertu sæll.*

Já.